

# Stjórnarfundur FEB nr. 512 mánudaginn 7. apríl 2025

## kl. 14:30 í Stangarhyl 4, 110 Reykjavík

**Mættir aðalmenn:** Sigurður Ágúst Sigurðsson formaður stjórnar FEB, Ástrún Björk Ágústsdóttir, Guðrún Ósk Jakobsdóttir, Kristinn Eiríksson, Guðrún Bergmann, Gunnlaugur A. Júlíusson og Kristján Guðmundsson.

**Mættir varamenn:** Sigrún E. Unnsteinsdóttir.

**Fjarverandi:** Varamennirnir Bjarni Bjarnason og Fanney S. Jóhannsdóttir.

Einnig sat fundinn, Dýrleif Guðjónsdóttir framkvæmdastjóri FEB.

Dagskrá:

- Fundargerð síðasta fundar afgreidd og undirrituð**
- Fyrirhugaður stefnumótunarfundur stjórnar**

Rætt um að halda stefnumótunarfund stjórnar á vori komanda til að móta stefnu fyrir störf nefnda. Dagsetning ákveðin síðar.
- Skipan nefnda**

Fundarmenn ákváðu að skipa eftirtalda aðila í eftirtalda nefndir innan FEB:

**Kjara- og velferðarnefnd:** Sigurður Ágúst Sigurðsson, Guðrún Ósk Jakobsdóttir og Kristján Guðmundsson. Dýrleif Guðjónsdóttir starfsmaður.

**Húsnæðisnefnd:** Sigurður Ágúst Sigurðsson, Ástrún Björk Ágústsdóttir, Kristján Guðmundsson, Kristinn Eiríksson, Sigrún E. Unnsteinsdóttir. Dýrleif Guðjónsdóttir starfsmaður.

**Laganefnd:** Sigurður Ágúst Sigurðsson, Gunnlaugur A. Júlíusson og Bjarni Bjarnason

**Ferðanefnd:** Guðrún Bergmann, Gunnlaugur A. Júlíusson, Kári Jónasson, Jóhanna Ragnarsdóttir, Guðlaug Tómasdóttir og Dýrleif Guðjónsdóttir

**Ritnefnd:** Sigurður Ágúst Sigurðsson, Guðrún Ósk Jakobsdóttir, Kristján Guðmundsson, Fanney S. Jóhannsdóttir, Guðrún Bergmann og Dýrleif Guðjónsdóttir



**Fulltrúar FEB í Öldungaráði Reykjavíkurborgar:**  
**Aðalfulltrúi:** Sigurður Ágúst Sigurðsson  
**Varafulltrúi:** Ástrún Björk Ágústsdóttir
- Álit Innviðaráðuneytis vegna fækkunar fulltrúa FEB í Öldungaráði Reykjavíkurborgar og fréttir af Öldungaráði.**
  - Álit Innviðaráðuneytisins dags. 12. mars 2025 lagt fram þar sem ráðuneytið kynnir þá túlkun sína á lögum á félagsþjónustu sveitarfélaga um að það skulu fleiri en eitt félag skipa fulltrúa í Öldungaráð Reykjavíkur, þrátt fyrir að í lögunum segir að fulltrúar í Öldrunarráð Reykjavíkurborgar skuli skipaðir af „félagi eldri borgara í Reykjavík“.

- Formaður skýrði út nýja skipan Öldungaráðs Reykjavíkurborgar sem nú starfar undir heitinu „Mannréttindaráð Reykjavíkurborgar“.
  - Formaður hafði spurst fyrir um ráðstöfun þess gjalds sem sundlaugar Reykjavíkur innheimta af eldri borgunum. Svares er að vænta á næsta fundi.
- **Fyrirhuguð kynning HMS á LA fyrir stjórn FEB**  
Á áætlun er að aðstoðarforstjóri HMS komi á næsta stjórnarfund FEB þann 6 maí n.k. til að kynna sögu og stöðu LA fyrir nýrri stjórn FEB.
- **Undirbúningur fyrir landsfund LEB þann 29. apríl**
    - **Ályktun FEB**  
Formaður kynnti samskipti við LEB varðandi umræðu um fækkun fulltrúa FEB í Öldungaráði Reykjavíkurborgar. Fór yfir tillögu að ályktun sem hann lagði til að yrði lögð fram á Landsfundi LEB þann 29. apríl n.k. til að mótmæla þessari fækkun. Fundarmenn samþykkir ályktuninni.
    - **Fulltrúar FEB**  
Rætt um framkvæmd landsfundar og framlagningu tillagna að lagabreytingum á landsfundi framundan. Framkvæmdastjóri kynnti ýmis sjónarmið varðandi tillögu að fækkun fulltrúa stærstu félaganna á landsfundi LEB.
    - **Hlutverk fulltrúa FEB og kynningarfundur fyrir fulltrúana**  
Formaður mun kalla saman alla landsfundarfulltrúa fyrir landsfundinn, taka umræðu um áherslur fyrir landsfundinn og stilla saman strengi stjórnar og landsfundarfulltrúa fyrir fundinn.
- **Umsagnir Alþingis**  
Framkvæmdastjóri skýrði frá að lagt er upp með að félagið skili umsögnum um flest þau mál sem berast félaginu.
- **Önnur mál**  
Formaður kynnti stöðu mála í kjaramálum eldri borgara m.a. miðað við stjórnarsáttmála og fjármálaáætlun ríkisstjórnarinnar. Málið verður kynnt og rætt frekar á landsfundi LEB þann 29. apríl n.k.

Næsta stjórnarfund á að halda þriðjudaginn 6. maí

Fundi slitið kl. 16:20.

Fundargerð ritaði Gunnlaugur Auðun Júlíusson

  
 Gunnlaugur Auðun Júlíusson  
 GUNNLAUGUR AUÐUN JÚLÍUSSON  
  
 GUNNLAUGUR AUÐUN JÚLÍUSSON